


Magnús bæjarstjóri þakkar Godek viðskipta- og sendifulltrúa gjöfina. Bak við Godek standa Þorsteinn Baldursson og Páll Zóphóníasson bæjarverkfræðingur í Eyjum. Í sæti ökumanns á vélinni er starfsmaður frá áhaldahúsinu í Vestmannaeyjum. — Tímamynd: GE.

# PÓLVERJAR GEFA VESTMANNAEYINGUM STÓRA DRÁTTARVÉL

**CZELSAW GODEK, sendi- og viðskiptafulltrúi Pólverja hérlendis, brá sér á miðvikudaginn til Vestmannaeyja, þar sem hann afhenti Magnúsi Magnússyni bæjarstjóra stóra dráttarvél, URSUS C-355 að gjöf til Vestmannaeyinga frá pólsku þjóðinni.**

Gísli Jónsson & Co h/f hafði gefið hús á dráttarvélina, ásamt öðru fleira, og var Þorsteinn Baldursson með í förinni.

Magnús Magnússon, bæjarstjóri sagði, er hann veitti gjöfinni viðtöku, að þessi dráttarvél kæmi í góðar þarfir, og væri fyrsta verkefnið, sem biði hennar, uppgræðsla og sáning.

# MENNINGARVIKA Í KÓPAVOGI HEFST UM HELGINA

Dagana 17.-23. marz gengst Leikfélag Kópavogs fyrir vöku í Félagsheimilinu, í samvinnu við rekstrarstjórn þess. Tilgangurinn er að auka starfsemi Félagsheimilisins og gera bæjarlífið fjölbreytilegra.

Dagskráin er við það miðuð, að sem flestir, bæði ungir og aldnir, geti fundið þar eitthvað sér til skemmtunar eða fróðleiks.

Vakan hefst á sunnudag kl. 3 með fjölskyldudagskrá, en meðal efnis þar eru 15 fóstbræður, Skólahljómsveit Kópavogs, dansýning frá Dansskóla Heiðars Ástvaldssonar, gamanþættir og fleira. Um kvöldið sýna Leikfélag Selfoss og Leikfélag Hveragerðis, Skugga-Svein Matthíasar Jochumssonar. Mánudagskvöldið er helgað æsku bæjarins og mun hún sjá um og flytja allt efni. Á þriðjudag verður kynning á verkum nokkurra rithöfunda og kvikmyndasýning.

Meðal þeirra höfunda, er þarna lesa, eru Svava Jakobsdóttir og Jónas Guðmundsson, ennfremur mun Geirlaug Þorvaldsdóttir leikkona lesa ljóð.

Miðvikudagurinn mun verða helgaður tónlistinni og mun Tónlistarskóli Kópavogs, Karlakórinn Fóstbræður og 10 manna söngflokkur sjá um flutninginn.

Á fimmtudagskvöld mun Leikfélagið flytja kafla úr Hrafnhettu Guðmundar Danielssonar en höfundur verður sögumaður. Á föstudagskvöldið verður þjóðlagakvöld. Flytjendur verða nokkrir kunnustu listamenn landsins á því sviði, eins og Kristín Ólafsdóttir, Hörður Torfason, Árni Johnsen, Kristín Lilliendahl og fleiri. Vökunni lýkur svo með almennu hófi á laugardagskvöld, en þar verða ýmis skemmtiatriði, og Kátir félagar" leika fyrir dansi.

Á meðan vakan stendur mun Lista- og menningarsjóður Kópavogs sýna grafík í neðri sal, en á annarri hæð verður sýnt úrval teikninga barna í skólum bæjarins. Þá mun Leikfélagið ásamt barnaskólum bæjarins sjá um skemmtun fyrir yngstu bæjarbúana 3 fyrstu daga vökunnar.


ÚTBOÐ

Tilboð óskast í sölu á stórum vatnsmælum fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur.
Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu vorri.
Tilboð verða opnuð á sama stað, fimmtudaginn 18. apríl 1974, kl. 11.00 f.h.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 — Sími 25800


# Hafsteinn Austmann opnar sýningu að Kjarvalsstöðum

**Gsal—Reykjavík. — Hafsteinn Austmann listmálari opnaði laugard. kl. 2, málverkasýningu að Kjarvalsstöðum á Miklatúni. Sýningin verður opin frá klukkan fjögur til tíu á virkum dögum, en frá tvö til tíu um helgar. Á mánudaginn verður lokað. Syningin stendur til sunnudagskvöldsins 24. marz.**

Hafsteinn Austmann hefur haldið sex einkasýningar, þá fyrstu 1956 í gamla listamannaskálunum, auk fjölda samsýninga hér heima og erlendis. M.a. hefur Hafsteinn tekið þátt í samsýningum ungra myndlistarmanna í Moskvu, Danmörku, Róm og víðar.

Á sýningu þessari eru 49 myndir, sem málaðar eru síðustu fjögur árin. Þar af eru átta vatnslitamyndir, en þær eru sumar hverjar eldri.

Hafsteinn er „abstrakt" listmálari, eins og ljósmyndirnar bera með sér. Hann sagði við blaðamann Tímans í gær:

— Ég er orðinn gamaldags, — það eru allir farnir að mála landslag. En ég á töluvert mikið eftir óunnið í þessu, og á meðan svo er, snýst ég ekki.

— Hvað er verðið á myndunum?

— Þarna kemur þú við viðkvæman punkt. Satt bezt að segja hef ég ekki enn ákveðið verðið, en ef að líkum lætur, verður það eitthvað á milli 20 og 130 þúsund.



Hafsteinn Austmann hengir upp síðustu myndirnar. Tímamyndir: Róbert.


Sumarbústaður

land eða lítið býli, óskast til kaups. Get skipt á litilli íbúð í Reykjavík.
Tilboð sendist Tímanum, merkt Trúnaður 1694.





Certina-DS: úrið, sem þolir sitt af hverju!



Certina-DS, algjörlega áreiðanlegt úr, sem þolir gífurleg högg, hita og kulda, í mikilli hæð og á miklu dýpi, vatn, gufu, ryk.

Með DS (DS merkir "double security" tvöfallt öryggi) hefur Certina framleitt einstakt armbandsúr, úr sem eru í fullri notkun þegar önnur stöðvast. Úr fyrir þá, sem bjóða hættunum byrginn, hafa ævintýrablóð í æðum, taka áhættur, sýna áræðni og hugrekki, þá sem eru kröfuharðir við sjálfa sig.

Hið sérstæða
DS byggingarlag. Certina-DS lætur sér ekki nægja venjulega höggdeyfa til verndar jafnvæginu. Certina hefur til viðbótar mjög teygjanlega fjöðrun, sem verndar allt verkið. Það má segja, að það fljóti innan í kassanum fyrir tilstilli sérstaks höggdeyfikerfis, sem er utan um verkið. Þannig hefur Certina-DS fengið auknefnið sterkasta úr í heimi.

CERTINA Certina Kurth Frères SA Grenchen/Switzerland